



HRUNAMANNAREPPUR

1. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2026 – 2030

9. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2026, þann 4. júní kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins í Félagsheimili Hrunamanna, efri hæð.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Ragnar L. Jónsson, Daði Geir Samúelsson og Rakel Ósk Kristófersdóttir. Auk þess sat fundinn, Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, og skráði fundargerð í tölvu.

Sá fulltrúi sem setið hefur lengst í sveitarstjórn, Bjarney Vignisdóttir, setti fund og stjórnaði. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Hér var gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Kosning oddvita og varaoddvita 2026-2030.

Meirihluti D-lista og óháðra lagði fram tillögu um að Jón Bjarnason verði oddviti Hrunamannahrepps, kjörtímabilið 2026-2030 og að Bjarney Vignisdóttir verði varaoddviti þann sama tíma.

Tillagan samþykkt með þremur atkvæðum meirihlutans, fulltrúar minnihlutans sátu hjá.

Hér vék Jón Bjarnason af fundi og Katrín Þorvaldsdóttir tók sæti í hans stað.

2. Ráðningarsamningur oddvita.

Fyrir hönd meirihluta D-lista og óháðra lagði varaoddviti fram ráðningarsamning við oddvita vegna kjörtímabilsins 2026-2030.

Samningurinn samþykktur samhljóða.

Hér kom Jón Bjarnason aftur til fundar og tók við stjórn fundarins um leið og Katrín Þorvaldsdóttir vék af fundi.

Hér vék Aldís Hafsteinsdóttir af fundi.

3. Ráðning og ráðningarsamningur sveitarstjóra.

Oddviti fyrir hönd meirihluta D-lista og óháðra leggur fram tillögu um að Aldís Hafsteinsdóttir verði ráðin sveitarstjóri Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2026-2030 og leggur jafnframt fram ráðningarsamning við Aldísi til samþykktar.

Samningurinn samþykktur samhljóða.

Hér mætti Aldís Hafsteinsdóttir aftur til fundar.

JBS
Rk
DCS
RLT

4. **Skipan í stjórnir, nefndir og ráð skv. samþykktum sveitarfélagsins.**
Eftirfarandi tillaga er lögð fram um skipan í nefndir og ráð vegna kjörtímabilsins 2026-2030.

Kjörstjórn:

Aðalmenn: Guðjón Bjarnar Gunnarsson, Edda Arndal, Sigrún Guðlaugsdóttir
Varamenn: Svanur Helgi Einarsson, Karl Hallgrímsson, Valný Guðmundsdóttir

Skólanefnd:

Aðalmenn: Katrín Þorvaldsdóttir(formaður), Hildur Hjálmsdóttir, Hjalti Sigurðsson
Varamenn: Sandra Ýr Andrésardóttir, Elvar Harðarson, Rakel Ósk Kristófersdóttir

Umhverfisnefnd:

Aðalmenn: María Magnúsdóttir(formaður), Bjarni Arnar Hjaltason, Rakel Ósk Kristófersdóttir.
Varamenn: Margrét Helga Steindórsdóttir, Elvar Harðarson, Davíð Logi Ingvarsson

Veitu- og framkvæmdastjórn:

Aðalmenn: Bjarney Vignisdóttir(formaður), Jón Bjarnason, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Daði Geir Samúelsson, Lilja Helgadóttir
Varamenn: Sigurður Sigurjónsson, Katrín Þorvaldsdóttir, Ragnar Lúðvík Jónsson, Davíð Logi Ingvarsson, Arna Þöll Sigmundsdóttir

Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd:

Aðalmenn: Ragnar Lúðvík Jónsson(formaður), Jóhanna Bríet Helgadóttir, Rebekka Öxndal Ingibjörnsdóttir
Varamenn: Alexandra Rós Jóhannesdóttir, Zuzanna Szczygiel, Damian Jozefik

Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd:

Aðalmenn: Elísabet Finnbjörnsdóttir(formaður), Elma Jóhannsdóttir, Margrét Sævarsdóttir
Varamenn: Hákon Þór Árnason, Máni Snær Benediktsson, Hjalti Sigurðsson

Afréttarmálanefnd:

Aðalmenn: Björgvin Ólafsson(formaður), Atli Geir Scheving Guðmundsson, Þórmund Smára Hilmarsson
Varamenn: Íris Brynja Georgsdóttir, Magnús Helgi Loftsson, Páll Jóhannsson

Samráðshópur um málefni aldraðra í Hrunamannahreppi:

Aðalmenn: Ævar Ásgeirsson, Stefán G. Arngrímsson. Sveitarstjórn óskar einnig eftir tilnefningum Félags eldri Hrunamanna í samráðshópinn skv. samþykktum.

Öldungaráð Uppsveita og Flóa:

Sveitarstjórn óskar eftir tilnefningu Félags eldri Hrunamanna í sameiginlegt öldungaráð Uppsveita og Flóa skv. erindisbréfi.

Yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og velferðarþjónustu Árneshóps (NOS):

Aðalmaður: Aldís Hafsteinsdóttir
Varamaður: Jón Bjarnason

Fulltrúar í fagnefnd Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshóps:

Aðalmaður: Bjarney Vignisdóttir
Varamaður: Katrín Þorvaldsdóttir

JB BL
RK JGS
RLJ 2

Stjórn Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs (UTU bs):

Aðalmaður: Jón Bjarnason

Varamaður: Ragnar Lúðvík Jónsson

Héraðsnefnd Árneseinga:

Aðalmaður: Jón Bjarnason

Varamaður: Bjarney Vignisdóttir

Áheyrnarfulltrúi: Daði Geir Samúelsson

Varamaður áheyrnarfulltrúa: Raket Ósk Kristófersdóttir

Almannavarnarnefnd Árnessýslu:

Aðalmaður: Aldís Hafsteinsdóttir

Varamaður: Jón Bjarnason

Oddvitanefnd Uppsveita Árnessýslu:

Aðalmaður: Jón Bjarnason

Varamaður: Bjarney Vignisdóttir

Fulltrúar á aðalfund og aukaaðalfundi Sambands sunnlenskra sveitarfélaga:

Aðalmenn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Daði Geir Samúelsson

Varamenn: Ragnar Lúðvík Jónsson, Katrín Þorvaldsdóttir, Raket Ósk Kristófersdóttir

Fulltrúar á aðalfund og aukaaðalfund Heilbrigðiseftirlits Suðurlands:

Aðalmenn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Daði Geir Samúelsson

Varamenn: Ragnar Lúðvík Jónsson, Katrín Þorvaldsdóttir, Raket Ósk Kristófersdóttir

Fulltrúar á aðalfund og aukaaðalfundi Bergrisans bs.

Aðalmenn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Raket Ósk Kristófersdóttir

Varamenn: Ragnar Lúðvík Jónsson, Katrín Þorvaldsdóttir, Daði Geir Samúelsson

Fulltrúi á aðalfund Eignarhaldsfélags Suðurlands:

Aðalmaður: Aldís Hafsteinsdóttir

Varamaður: Jón Bjarnason

Fulltrúi á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga:

Aðalmaður: Jón Bjarnason

Varamaður: Bjarney Vignisdóttir

Fulltrúi í fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands:

Aðalmaður: Ragnar Lúðvík Jónsson

Varamaður: Jón Bjarnason

Landgræðslufélag Hrunamanna:

Aðalmaður: Atli Geir Scheving Guðmundsson

Varamaður: Viktor Máni Sigurðsson

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða ofangreindar tillögur um aðal- og varamenn í stjórnir, nefndir og ráð sveitarfélagsins fyrir kjörtímabilið 2026-2030.

JB
RK *AV*
DGS *RLA*

Eftirfarandi tillaga er lögð fram um skipan í Skipulagsnefnd Uppsveita vegna kjörtímabilsins 2026-2030:

Skipulagsnefnd Uppsveita:

Aðalmaður: Jón Bjarnason

Varamaður: Ragnar Lúðvík Jónsson

Samþykkt með þremur atkvæðum D-listans. Fulltrúar L-listans sitja hjá með eftirfarandi bókun: Fulltrúar L-listans óskuðu eftir því að fá varamenn í nefndina en við því var ekki orðið. Því sitjum við hjá við skipan þessarar nefndar.

Sveitarstjórn þakkar fráfarandi nefndarfólki fyrir góð störf og óskar nýju nefndarfólki velfarnaðar í störfum sínum.

5. Tölvur til sveitarstjórnarmanna.

Oddviti lagði fram tillögu um að keyptar verði fartölvur til nýrra aðalmanna í sveitarstjórn sem sveitarstjórnarmennirnir eignist að kjörtímabili loknu. Þeir sem fyrir eru fá nýjar tölvur með sömu skilyrðum þegar tímabært reynist að skipta þeim út.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

6. **Afmælisnefnd 1150 ára afmæli Hrunamannahrepps: Fundargerð 10. fundar frá 26. maí 2026.** Einnig var kynnt dagskrá hátíðahaldanna og Pésinn sem í þetta sinn er helgaður afmælishátíðinni og viðburðum á afmælisárinu. Frú Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, mun ásamt eiginmanni sínum taka þátt í hátíðahöldunum og mun sveitarstjórn og afmælisnefnd fara um Flúðir með forsetanum og eiginmanni hennar þar til hátíðardagskrá hefst.

Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjórn þakkar nefndinni góð störf. Íbúar eru hvattir til að taka virkan þátt í hátíðahöldunum.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

7. **Fundargerð 325. fundar skipulagsnefndar frá 13. maí 2026 og afgreiðslur byggingarfulltrúa.**

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 21. Syðra-Langholt 3A (L240689); byggingarheimild; einbýlishús – viðbygging.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 25. afgreiðslur byggingarfulltrúa 26-250

Lagt fram til kynningar.

8. **Fundargerð 326. fundar skipulagsnefndar frá 27. maí 2026 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20 maí sl.**

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega: Mál nr. 29. Hrunamannaafreittur L223267 Þjóðlenda; Lindarvirkjun og stofnlögn að Flúðum; framkvæmdaleyfi – 2604034. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta málinu til næsta fundar.

Mál nr. 31. afgreiðslur byggingarfulltrúa 20. maí sl.

Lagt fram til kynningar.

9. Byggðasamlag UTU. bs.: Fundargerð 135. fundar stjórnar frá 13. apríl 2026 ásamt undirrituðum ársreikningi, 2025.

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

10. Farsældarráðs Suðurlands: Fundargerð 1. fundar Farsældarráðs Suðurlands frá 1. mars 2026.

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

11. Farsældarráðs Suðurlands: Fundargerð 2. fundar Farsældarráðs Suðurlands frá 9. apríl 2026.

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

12. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 11. maí 2026.

Í bréfinu eru gefnar upplýsingar um landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið er á fjögurra ára fresti á Akureyri. Hrunamannahreppur á einn fulltrúa sem hefur verið kosinn fyrir á þessum sama fundi. Einnig mun sveitarstjóri sitja fundinn með málfrelsi og tillögurétt.

Erindið er lagt fram til kynningar.

12. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður fimmtudaginn 18. júní kl. 14:00.

Mál til kynningar:

13. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 8. maí 2026.

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

14. Fundargerðir 91. og 92. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga frá 2. mars og 10. apríl 2026.


Fundargerðirnar eru lagðar fram til kynningar.

15. Kosningaskýrsla sveitarfélagsins.

Á fundinum var lögð fram endanleg kosningaskýrsla í kjölfar endurtalningar Niðurstæða sveitarstjórnarkosninga 2026 var eftirfarandi: Á kjörskrá voru 678 einstaklingar, 512 greiddu atkvæði. Gild atkvæði voru 500.

Niðurstæða kosninga var að D-listi Sjálfstæðismanna og óháðra fékk 329 atkv, 65,8% og 3 menn kjörna. L-Listinn fékk 171 atkvæði, 34,2% og 2 menn kjörna. Ógild og auð atkvæði voru 12.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:28


Bjarney Jónsdóttir
Rakel Ósk Kristófersdóttir
Dasi Geir Samuelsson
Zogner Lábil Zösson
